



GJALDSKRÁ

Ljósleiðari Borgarbyggðar

- 1. Almennt**
Verðskrá þessi gildir fyrir starfssvæði Ljósleiðara Borgarbyggðar í Borgarbyggð
Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma.
- 2. Áskriftargjald**
Mánaðarlegt áskriftargjald er kr. 3.110 + vsk.
- 3. Gjöld fyrir breytingar**
Ef færa þarf heimtaug notanda í kerfismiðju frá einu porti yfir í annað, t.d. frá fjarskiptabúnaði fjarskiptafélags yfir í fjarskiptabúnað annars félags er innheimt breytingagjald að upphæð 6.000 auk vsk og greiðir það fjarskiptafélag gjaldið sem óskar eftir breytingunni.
- 3. Tengigjald nýrra notenda**
Fyrir nýja tengingu greiðist einskiptisgjald, stofngjald kr. 201.613 + vsk. Auk þess greiðir nýr notandi því sem næst raunkostnað við að leggja ljósleiðara frá tengipunkti stofnkerfis að viðkomandi tengistað.
- 4. Leiga á ljósþráðum innan kerfisins**
Fjarskiptafélögum stendur til boða að leigja ljósþræði til annarra nota en tengingu endanotenda. Vegalengdir miðast við loftlínu á milli tengistaða. Miðað er við að ekki þurfi að gera breytingar á streng. Ef gera þarf breytingar þá bætist tíma- og tækjakostnaður í samræm við umfang breytinga. Að öðru leiti er ekkert stofn- eða upphafsgjald vegna leigu. Öll verð eru á án vsk.

Leigugjald fyrir ljósleiðarþræði í streng er eftirfarandi:

Fjöldi þráða	kr./km á mánuði
1	7.168,-
2	8.960,-
3	10.750,-
4	12.542,-

- 5. Aðstöðuleiga í tækjarýmum í Reykholti, Varmalandi og Lyngbrekku**
Fjarskiptafélögum sem nýta sér aðgangskerfi Ljósleiðara Borgarbyggðar stendur til boða að leigja aðstöðu fyrir fjarskiptabúnað í tækjarýmum á ofangreindum stöðum skv. neðan greindu:

1 skáparými	41.355,- pr mánuð auk vsk
½ skáparými	20.677,- pr. mánuð auk vsk



Ljósleiðari Borgarbyggðar getur útvegað aðgang að 230V rafmagni og greiðir leigjandi fyrir því sem næst raunnotkun á rafmagni.

6. Önnur ákvæði.

Ljósleiðari Borgarbyggðar leggur ljósleiðara að tengistað en útvegar ekki endabúnað til notkunar.

Stofngjald er innheimt áður en framkvæmdir byrja.

Gjaldskrá tekur verðlagsbreytingum skv. ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Með tjón á eignum Ljósleiðara Borgarbyggðar, þ.m.t. ljósleiðarastrengjum verður farið skv. lögum nr. 70 frá 2022 um fjarskipti gr. 86.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 12. desember 2024.

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.

Borgarnesi 13. desember 2024.

Stefán Broddi Guðjónsson
sveitarstjóri